VÍS tryggingar hf.
Ármúla 3, 108 Reykjavík, 560 5000
kt. 670112-0470, www.vis.is

Ökutækjatrygging

Skilmáli BA10

Ökutækjatrygging er **lögboðin** trygging sem allir eigendur skráningarskyldra ökutækja verða að hafa.

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um tryggingunа gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi BA10.
- Almennur skilmáli VÍS YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- Notkunarskilmálar Ökuvísis.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.
Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

Skírteini gengur framar skilmálum. Skírteini og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Trygging þessi er samkvæmt lögum um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 og reglugerð um ökutækjatryggingar nr. 1244/2019.

Ökuvísir er tryggingarleið í ökutækjatryggingum sem einstaklingum stendur til boða vegna trygginga einkabíla sinna. Velji þeir þá tryggingarleið fá þeir aðgang að sérsniðnu smáforriti (hér eftir „smáforritið“) og mælitæki (hér eftir „mælitækið“) sem nemur aksturslag og gefur þeim aksturseinkunn. Þannig geta tryggingartakar í gegnum aksturseinkunn sína haft áhrif á það verð sem greitt er fyrir lögboðna ökutækjatryggingu og kaskó tryggingu (tryggingarleiðin er hér eftir nefnd „Ökuvísir“). Verð tryggingarleiðarinnar ákvarðast með þeim hætti sem segir í gr. 7.3 og undirgreinum í skilmála þessum.

I. **Almenn ákvæði**
II. **Lögboðin ábyrgðartrygging ökutækis**
III. **Lögboðin slysatrygging ökumanns og eiganda**
IV. **Slysatrygging ökumanns og eiganda vegna torfærutækja (valkvæð)**
V. **Bílrúðutrygging (valkvæð)**

I. Almenn ákvæði

1. Hvar gildir tryggingin?

1.1 Tryggingin gildir um notkun ökutækis á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Einnig gildir tryggingin í Bretlandi og Sviss.

1.2 Vegna aksturs erlendis, í öðrum ríkjum en framangreindum, skal tryggingartaki hafa alþjóðlegt tryggingarkort (grænt kort) vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins, enda eigi viðkomandi ríki aðild að samningi um notkun slíks tryggingarkorts.

1.3 Tryggingin gildir ekki þegar ökutæki er notað í öðrum tilgangi en sem ökutæki eða þegar ökutæki tekur þátt í aksturskeppni á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt umferðarlögum.[1]

2. Hvenær gildir tryggingin?

2.1 Tryggingin tekur til tjónsatburðar sem verður á tryggingartímabilinu.

2.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á tryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en tryggingin er fallin úr gildi greiðir VÍS samt sem áður bætur.

2.3 Enda þótt tryggingin falli úr gildi ber VÍS samt áfram ábyrgð gagnvart þriðja aðila á sérhverju tjóni sem verður þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að tryggingin féll úr gildi, nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið keypt.

Þegar talað er um **"þriðja aðila"** er átt við þann aðila sem er ekki VÍS og telst ekki til tryggðra undir ábyrgðartryggingunni. Dæmi: Þú veldur tjóni á hlut í eigu annars aðila. Aðilinn er ekki tryggður undir tryggingunni en getur gert kröfu í ábyrgðartryggingu þína vegna tjónsins.

[1] Sbr. 2. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.

VÍS tryggingar hf.
Ármúla 3, 108 Reykjavík, 560 5000
kt. 670112-0470, www.vis.is

3. Hvað bætir tryggingin ekki?

3.1 Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

4. Varúðarreglur

4.1 Ökumaður hins tryggða ökutækis skal hafa þau réttindi og þá kunnáttu sem krafist er til þess að aka því.

4.2 Ökumaður skal vera í andlegu og líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutækinu örugglega og skal ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna né annarra örvandi eða deyfandi efna við notkun ökutækis.

4.3 Ekki skal nota ökutæki til annars aksturs en þess sem getið er í skírteini.

4.4 Tryggður eigandi eða umráðamaður skal fara eftir opinberum fyrirmælum um skoðun ökutækisins og sjá til þess að það uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma.

4.5 Tryggður eigandi eða umráðamaður skal viðhalda ökutæki í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda.

4.6 Tryggður skal sjá til þess að öryggisbúnaður ökutækisins sé ávallt í lagi.

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru til tryggðra með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er fyrir tryggða að vita hverjar þær eru.

5. Breytt notkun

5.1 Tilkynna ber VÍS tafarlaust ef notkun ökutækis breytist frá því sem kemur fram í skírteini. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð VÍS á tjónsatburði lækkar að tiltölu miðað við hvert verð tryggingar hefði orðið við breytta notkun.[2]

6. Aðgangur að upplýsingum

6.1 Hafi tjónsatburður orðið er tryggðum eða hverjum þeim sem gerir kröfur um bætur í tryggginguna skylt að varðveita og veita VÍS aðgang að hljóð- og myndupptökum og hvers kyns rafrænum upplýsingum sem skráðar eru í tölvubúnaði ökutækisins eða aukabúnaði þess að því marki sem upplýsingarnar kunna að hafa þýðingu við rannsókn tjónsatburðar, mat á bótaskyldu eða ákvörðun bótafjárhæðar.

7. Verð

7.1 Verð tryggingarinnar er m.a. reiknað út frá notkun ökutækisins og lögheimili tryggingartaka. Verðið breytist við endurnýjun tryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu og verðskrá VÍS.

7.2 Við ákvörðun verðs er VÍS heimilt að afla upplýsinga frá öðrum tryggjendum um tjónareynslu tryggingartaka í þessari grein tryggginga.

7.3 Útreikningur verðs í tryggingaleiðinni Ökuvísi ákvarðast með eftirfarandi hætti:

- 7.3.1 Verð tryggingarinnar í Ökuvísi ákvarðast af mælingum frá smáforritinu og mælitækinu sem tilheyrir tryggingaleiðinni.
- 7.3.2 Verð tryggingarinnar í Ökuvísi er reiknað út frá grunnverði sem er hámarksverð fyrir tryggginguna og breytilegum þáttum sem eru aksturseinkunn og eknir kílómetrar.
- 7.3.3 Breytilegir þættir verðsins geta haft áhrif til lækkunar á grunnverði og eru reiknaðir út fyrir hverja 30 daga innan tryggingartímabilsins.
- 7.3.4 Ef tryggingataki slekkur á mælitækinu eða smáforritinu eða reynir á annan hátt að hafa áhrif á útreikning eða aksturseinkunn mun verð tímabilsins miðast við grunnverð.
- 7.3.5 Grunnverðið breytist við endurnýjun tryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu og verðskrá VÍS.

8. Greiðsla

8.1 Krafa um greiðslu fyrir tryggingu fellur í gjalddaga þegar hennar er krafist og er greiðslufrestur tilgreindur í greiðslukröfu.

8.2 Greiðsla fyrir Ökuvísi byggir á akstri fyrir síðastliðna 30 daga og fellur í gjalddaga mánaðarlega þegar greiðslu er krafist.

8.3 Hafi trygging verið tekin með einhliða yfirlýsingu tryggingartaka má greiðslufrestur þó vera sjö dagar hið skemmsta frá þeim degi er greiðslu var krafist. Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi við það tímamark er VÍS heimilt, þrátt fyrir gr. 8.4, að fella tryggginguna niður. Skal þá VÍS tilkynna tryggingartaka þá ákvörðun og senda tilkynningu til Samgöngustofu um lok tryggingarinnar.

8.4 Hafi greiðsla, auk áfallins kostnaðar, ekki verið innt af hendi innan 14 daga frá sendingu tilkynningar skv. 1. mgr. 33. gr. eða 1. mgr. 96. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004, eða að liðnum greiðslufresti skv. 2. mgr. 32. gr. sömu laga, fellur trygging ökutækis úr gildi. VÍS skal tilkynna Samgöngustofu og tryggingartaka um niðurfellinguna.

[2] Sbr. 25. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

VÍS tryggingar hf.
Ármúla 3, 108 Reykjavík, 560 5000
kt. 670112-0470, www.vis.is

8.5 Lögboðið tryggingariðgjald ökutækis ásamt vöxtum og kostnaði hvílir sem lögveð á ökutækinu[3]

9. Endurgreiðsla

9.1 Falli trygging úr gildi áður en tryggingartímabili lýkur endurgreiðir VÍS það sem greitt hefur verið í hlutfalli við þann tíma sem tryggður hefur greitt fyrir og tryggingin er ekki í gildi.

9.1.1 Þetta gildir þó ekki um tryggingar vegna fjórhjóla, vélsleða og húsbíla þar sem tekið hefur verið tillit til árstíðarbundinnar notkunar og áhættusveiflna við ákvörðun verðs.

9.1.2 Þetta gildir þó ekki um bílrúðutryggingu þegar um tímabundna afskráningu er að ræða.

10. Eigendaskipti og afskráning

10.1 Þegar eigendaskipti verða að skráðu vélknúnu ökutæki gildir hin fyrri trygging gagnvart nýjum eiganda (varanlegum umráðamanni) í 14 daga nema ökutækið hafi áður verið afskráð eða ný trygging keypt fyrir það.

11. Fjárhæð bóta

11.1 Ábyrgð VÍS vegna hvers tjónsatburðar takmarkast við tryggingarfjárhæð samkvæmt lögum um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.

II. Lögboðin ábyrgðartrygging ökutækis

12. Hver er tryggður?

12.1 Skráður eigandi eða varanlegur umráðamaður er tryggður.

13. Hvað bætir tryggingin?

13.1 Tryggingin nær til sérhverrar skaðabótakröfu sem tryggðum er skylt að tryggja gegn samkvæmt lögum um ökutækjatryggingar nr. 30/2019, sem eigandi eða umráðamaður hins tryggða ökutækis, vegna tjóns er hlýst af notkun þess.

14. Hvað bætir tryggingin ekki?

14.1 Tryggingin bætir ekki skemmdir á ökutækinu sjálfu eða öðrum eignum tryggingartaka eða tryggðs. Þó bætir tryggingin skemmdir á annarri bifreið í eigu tryggðs af völdum áreksturs hins tryggða ökutækis.

15. Háttsemi annarra

15.1 VÍS er heimilt að bera fyrir sig háttsemi aðila sem með samþykki tryggðs er ábyrgur fyrir hinu tryggða ökutæki.

15.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnanda hins tryggða ökutækis.

16. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

16.1 Tryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja aðila á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

17. Ákvörðun bóta fyrir eignatjón

17.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.

17.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.

17.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi verið greiddar bætur samkvæmt þessari grein áskilur VÍS sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.

17.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.

17.5 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

18. Endurkrafa

18.1 VÍS á endurkröfurétt samkvæmt lögum um ökutækjatryggingar nr. 30/2019, lögum um

[3] Sbr. 12. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.

VÍS tryggingar hf.
Ármúla 3, 108 Reykjavík, 560 5000
kt. 670112-0470, www.vis.is

vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og almennum réttarreglum vegna greiðslu VÍS á bótum, t.d. ef:

a) Tjón varð vegna þess að ökumaður, sökum undanfarandi neyslu áfengis, ávana- og fíkniefna, örvandi eða deyfandi efna, gat ekki stjórnað ökutæki örugglega eða var óhæfur til þess, samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019.
b) Tjón varð vegna þess að ökumaður hafði ekki þau réttindi og kunnáttu sem þurfti til þess að stjórna viðkomandi ökutæki.
c) Tjóni hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.
d) VÍS hefur greitt bætur úr tryggingunni fyrir tjón sem varð þegar liðnir voru 14 dagar frá eigendaskiptum eða tryggingin hafði fallið úr gildi.
e) Ökutækið var notað til annars aksturs en þess sem getið er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
f) Ökutækið var leigt án ökumanns andstætt ákvæðum laga um bílaleigur nr. 65/2015. Sýni tryggður fram á að orsakir tjóns eða það hversu víðtækt tjón er verði ekki rakið til brots á fyrirmælum laga þessara á VÍS ekki endurkröfurétt.

19. Staða tjónþola við tjón

19.1 VÍS er greiðsluskylt gagnvart tjónþola.[4] VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.

19.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.

19.3 Nú tilkynnir tjónþoli að hann hyggist höfða mál á hendur VÍS og getur VÍS þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum, skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sínu án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.[5]

19.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. og 45. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og ákvæða 19. og 21. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.

20. Meðferð bótakrafna

20.1 Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS.

20.2 VÍS kemur fram fyrir hönd tryggðs og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

III. Lögboðin slysatrygging ökumanns og eiganda

21. Hvað er tryggt?

21.1 Tryggingin gildir um ökutæki sem ekki eru undanþegin tryggingarskyldu skv. 11. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.

22. Hver er tryggður?

22.1 Tryggingartaki og sérhver ökumaður sem ökutækinu stjórnar, enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi.

23. Hvað bætir tryggingin?

23.1 Tryggingin bætir líkamstjón vegna slyss sem:

23.1.1 Ökumaður verður fyrir við stjórn tryggðs ökutækis enda verði slysið rakið til notkunar þess.[6]

23.1.2 Tryggingartaki verður fyrir sem farþegi í tryggðu ökutæki, eða af völdum þess enda verði slysið rakið til notkunar ökutækisins.[7]

24. Ákvörðun bóta

24.1 Tryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón tryggðs á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

24.2 Ef tryggður á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir lögum um ökutækjatryggingar nr. 30/2019, eða öðrum skaðabótareglum, lækka bætur úr þessari tryggingu sem því nemur.[8]

[4] Sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.
[5] Sbr. 2. mgr. 21. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.
[6] Sbr. 9. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.
[7] Sbr. 9. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.
[8] Sbr. 9. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.

VÍS tryggingar hf.
Ármúla 3, 108 Reykjavík, 560 5000
kt. 670112-0470, www.vis.is

IV. Slysatrygging ökumanns og eiganda vegna torfærutækja (valkvæð)

25. Hvað er tryggt?

25.1 Tryggingin gildir um ökutæki sem undanþegin eru tryggingarskyldu skv. 11. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 með slysatryggingu ökumanns og eiganda tilgreinda í skírteini.

26. Hver er tryggður?

26.1 Tryggður er tryggingartaki og sérhver ökumaður sem ökutækinu stjórnar, enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi.

27. Hvað bætir tryggingin?

27.1 Tryggingin bætir líkamstjón vegna slyss þegar varanlegur miski er að lágmarki 15 stig sem:

27.1.1 Ökumaður verður fyrir við stjórn hins tryggða ökutækis enda verði slysið rakið til notkunar þess.[9]

27.1.2 Tryggingartaki verður fyrir sem farþegi í hinu tryggða ökutæki, eða af völdum þess enda verði slysið rakið til notkunar ökutækisins.[10]

28. Hvað bætir tryggingin ekki?

28.1 Tryggingin bætir ekki líkamstjón þar sem varanlegur miski samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er undir 15 stigum.

28.2 Sé varanlegur miski samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 undir 15 stigum greiðir VÍS ekki fyrir útlagðan kostnað tryggðs s.s. vegna öflunar læknisvottorða og matsgerða.

29. Ákvörðun bóta

29.1 Tryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón tryggðs á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

29.2 Tryggðum ber að leggja fram á eigin kostnað öll þau gögn sem VÍS kann að krefjast til að meta ábyrgð sína og greiða út bætur.

29.3 Ef tryggður á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir lögum um ökutækjatryggingar nr. 30/2019, eða öðrum skaðabótareglum, lækka bætur úr þessari tryggingu sem því nemur.[11]

V. Bílrúðutrygging (valkvæð)

30. Hvað er tryggt?

30.1 Ef tryggingin er valin gildir hún fyrir ökutæki sem tilgreint er í skírteini.

31. Hver er tryggður?

31.1 Skráður eigandi eða varanlegur umráðamaður er tryggður.

32. Hvað bætir tryggingin?

32.1 Tryggingin bætir brot á framrúðu, afturrúðu og hliðarrúðum ökutækisins ásamt ísetningarkostnaði. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist.

33. Hvað bætir tryggingin ekki?

33.1 Tryggingin bætir ekki:

33.1.1 Rúðu sem brotnar við úrtöku eða ísetningu.

33.1.2 Tjón vegna afnotamissis ökutækisins þegar rúða brotnar.

34. Háttsemi annarra

34.1 VÍS er heimilt að bera fyrir sig háttsemi aðila sem með samþykki tryggðs er ábyrgur fyrir hinu tryggða ökutæki.

34.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnanda hins tryggða ökutækis.

35. Ákvörðun bóta

35.1 VÍS ræður hvort greiddur er kostnaður við:

35.1.1 Viðgerð á skemmdri rúðu.

[9] Sbr. 9. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.
[10] Sbr. 9. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.
[11] Sbr. 9. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.

VÍS tryggingar hf.
Ármúla 3, 108 Reykjavík, 560 5000
kt. 670112-0470, www.vis.is

35.1.2 Skipti á skemmdri rúðu. Þá er greitt fyrir sambærilega rúðu og þá sem varð fyrir skemmdum, auk ísetningarkostnaðar. Þegar ökutæki er eldra en 4 ára er VÍS heimilt að takmarka bætur við verðmæti OEM (Original Equipment Manufacturer) rúðu ef hún stendur til boða fyrir umrætt ökutæki.

35.2 Ekki er skylt að greiða bætur úr tryggingunni fyrir skipti eða viðgerð á rúðu sem er hafin án samþykkis VÍS.

36. Eigin áhætta

36.1 Ef skipta þarf um rúðu ber tryggingartaki í hverju tjóni eigin áhættu sem fram kemur í skírteini.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.